

Að mála timburhús með ONE Transparent hálfþekjandi nanóakrýl



Aðferð

Undirlag skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði). Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast þannig að búa til færsluskil, þ.e. aukalitstyrk á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun. Þegar litstyrkurinn er orðinn nægilegur skal nota efnið með minni litstyrk eða glært.



Nýmálun

- Slípið og opnið heflaðan við með sandpappír, t.d. nr. 100. Gegndreypað alla fleti sem mála skal með Tinova Wood Base Oil og þá sérlega vel gljúpa fleti eins og endatré.
- Málið yfir 2 umferðir af ONE Transparent.
- Á lítið hallandi flöt og þar sem veðurálag er mikið skal

Endurmálun

- Þvoið allan flötinn með Original Målarvätt og vatni. Blandið Målarvätt með allt að 20 hlutum vatns móti 1 hlut hreinsiefnisins. Fyrir mjög óhreina fleti skal blanda vatni í hlutfallinu 10:1. Berið blönduna á með svampi eða bursta. Látið blönduna liggja á fletinum í nokkrar mínutur og skrúbbið af með blautri tusku eða bursta og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með þörunga- og mygluhreinsi. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
- Fjarlægið gamla og lausa málningu. Slípið gljáandi fleti matta með sandpappír til að tryggja góða viðloðun. Fúa eða gráma í tré skal þússu niður eða fjarlægja með grámahreinsinum Tinova Wood Cleaner uns komið er í eðlilegan viðarlit. Eftir meðferð með grámahreinsi þarf viðurinn að þorna vel í 1-3 daga.
- Beran við skal gegndreypa með Tinova Wood Base Oil.
- Málið yfir 2 umferðir af ONE Transparent.
- Á lítið hallandi feti og þar sem veðurálag er mikið skal bera aukaumferð.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks.

*Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.

Tæknilegar upplýsingar

- Til notkunar:** Utanhúss
Bindiefni í ONE Transparent: Akrýl-alkýð
Gljástig: Hálfmatt
Yfirmálun: Wood Base Oil 24 klst; ONE Transparent 6 klst
Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C
Rakastig: 40-80%
Pynning: Vatn, mest 10%
Verkfæri: Penslar, rúllur, sprautur
Þekja: Wood Base Oil 4,5-5,5 m²/l; ONE Transparent í nýmálun 6-8 m²/l en endurmálun 8-10 m²/l
Hreinsun: Vatn
Geymsla: Í frostfríu rými

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vel eftir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



SÉREFNI

Dalvegi 32b Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is